



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti  
Skúlagötu 4  
150 Reykjavík

Fjarðabyggð, 16.01.2020  
Tilvísun 2001093/10.1

### Umsögn um drög að reglugerð um fiskeldi, mál nr.312/2019

Við er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnarráðsins frá 18. desember 2019 þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að reglugerð í fiskeldi. Reglugerðin kemur í stað reglugerðar nr. 401/2012 um sama efni gerð hennar eru innleiddar breytingar sem gerðar hafa verið á lögum um fiskeldi nr. 71/2008, með lögum nr. 101/2019. Umsögn þessi er unnin í samræmi við umsögn Samband íslenskra sveitarfélaga.

#### Almennt um drögin

3. gr. skilgreiningar, þar vantar að gera grein fyrir orðinu „Umhverfisáhrif“ sem getur orðið vegna fiskeldis.

#### 6. gr. Skipting hafsvæða í eldissvæði

- 1. mgr. Þær stofnanir sem leita skal umsagna hjá, á tillögum Hafrannsóknarstofnunar vegna skiptingu fjarða og hafsvæða, eru Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, og þar sem við á, svæðisráð viðkomandi svæðis. Eðlilegt væri að sveitarfélag þeirra fjarða og svæðis yrðu jafnframt hafðir sem umsagnaraðilar enda hefur eldið bein áhrif á starfsemi þeirra og þróun.
- 2. mgr. Við ákvörðun á skiptingu fjarða og hafsvæða í eldissvæði skal taka tillit til þeirrar starfsemi, þ.m.t. eldisstarfsemi, sem þegar er til staðar í hverjum firði á hverju hafsvæði fyrir sig. Það er eðlileg krafa að tekið verði fram í 2 mgr. að jafnframt skuli tekið tillit til nýtingaráætlunar sveitarfélaga fyrir haf- og strandsvæði, þar sem slík áætlun er fyrir hendi.

#### 18. gr. Málmeðferð umsóknar

- 2. mgr. Eðlilegt er að við útgáfu rekstrarleyfa sé leitað álits Hafnarstjórnar sveitarfélags vegna staðsetningu sjókvíaeldis og þá með tilliti til siglingaleiða.
- 7. mgr. Matvælastofnun ætti fremur að vera „skilyrt að leita umsagnar“ Fiskistofu, Hafrannsóknarstofnunar fremur en eins og nú er lagt fram í drögunum „getur aflað sér umsagnar“.

#### 20. gr. Efni rekstrarleyfis

- 5. mgr. Er svo hljóðandi: Ef við á skal tilgreina mótvægisáðgerðir í rekstrarleyfi. Lögð er til eftirfarandi breyting: Í rekstrarleyfi skal tilgreina mótvægisáðgerðir vegna væntanlegra neikvæðra umhverfisáhrifa. Áðgerðaráætlun skal tilgreind við útgáfu leyfis.